

Alþingi
Erindi nr. P 125/1792
komudagur 27. 4. 2000

Allsherjarnefnd Alþingis.

Meðferð opinberra mála og almenn hegningarlög, 559. mál.

Með bréfi Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 12. apríl sl., var ofangreint frumvarp sent LMFÍ til umsagnar.

Laganefnd félagsins hefur haft frumvarpið til skoðunar og skilar svohljóðandi álit:

Laganefnd lýsir ánægju sinni með þá réttarbót sem frumvarpið felur í sér. Nefndin leggur hins vegar til að efni 2. mgr. d. liðar 3. gr. verði breytt, þannig að í stað núverandi orðalags komi:

“Þegar lögregla telur ástæður þær sem lágu til grundvallar nálgunarbanni ekki vera lengur fyrir hendi,
getur hún, að kröfu þess sem nálgunarbanni sætir, borið kröfu um niðurfellingu banns undir dómara”.

Frumrit umsagnarinnar verður sent Nefndarsviði Alþingis síðar.

Virðingarfyllst,
Ingimar Ingason, framkv.stj.